

Upplýsingabréf til forsjáraðila um ný stöðu- og framvindupróf
Matsferils í lesskilningi og stærðfræði

Kæru nemendur og forsjáraðilar

Hér eru mikilvægar upplýsingar um nýju stöðu- og framvindupróf Matsferils í stærðfræði og lesskilningi. Þið eruð hvött til að kynna ykkur þær vel en getið jafnframt leitað til skólans eða sent tölvupóst til [Midstöðvar menntunar](mailto:Midstodmenntunar.is) og skólaþjónustu á netfangið hjalp@midstodmenntunar.is ef bréfið svarar ekki öllum spurningum sem þið kunnið að hafa varðandi prófin. Við viljum líka benda ykkur á að hægt er að kynna sér allt um prófin á [vefnum okkar](#).

Hvað eru stöðu- og framvindupróf?

Prófin hafa þann tilgang að veita upplýsingar um stöðu og framvindu nemenda í námi og varpa ljósi á styrkleika þeirra og áskoranir. Þannig er hægt að bregðast markvisst við námsþörfum þeirra. Prófin eru stöðluð, sem þýðir að hægt er að setja fram aldursbundin viðmið og bera árangur saman við landsmeðaltal.

Hvenær verða prófin lögð fyrir?

Prófin verða lögð fyrir á tímabilinu 2.-27. mars 2026 og hafa skólar því fjórar vikur til að leggja prófin fyrir.

Hvernig fara prófin fram?

Prófin eru lögð fyrir rafrænt og á skólatíma. Próftíminn er 80 mínútur en flestir nemendur leysa þau á 40-60 mínútum skv. forpröfun.

Hvernig undirbúa nemendur sig fyrir prófin?

Prófin krefjast ekki sérstaks undirbúnings en það er mikilvægt að hvetja börn til að gera eins vel og þau geta. Þannig fást bestu upplýsingarnar um færni þeirra.

Útbúin hafa verið sýnispróf sem sniðin eru að aldri nemenda. Þau eru aðgengileg á synisprof.mms.is. Sýnisprófin eru ekki ætluð til þjálfunar í stærðfræði eða lesskilningi heldur til að kynnst stafrænu umhverfi prófanna.

Hvaða nemendur taka prófin?

Stöðu- og framvinduprófin í stærðfræði og lesskilningi eru ætluð nemendum í 4.-10. bekk. Þau eru skyldubundin í 4., 6., og 9. bekk en í Grunnskólanum í Hveragerði verða þau lögð fyrir í 4.-10. bekk líkt og í mörgum öðrum grunnskólum á landinu.

Hvenær verða niðurstöður aðgengilegar?

Úrvinnsla prófanna mun hefjast strax og fyrirlögn lýkur og tekur hún um fjórar vikur. Í maí verða niðurstöður birtar forsjáraðilum á Mínum síðum á island.is.

Að lokum

Við vonum að prófin reynist vel og hvetjum ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna.

*Gert er ráð fyrir að allir nemendur sem fylgja árgangi í námi taki prófin. Skólastjóri getur sótt um undanþágu fyrir nemendur sem hafa ekki ávinning af því að taka prófin en það er alltaf gert í samráði við forsjáraðila.

Sumir nemendur þurfa á stuðningsúrræðum að halda til að auðvelda þeim próftökuna. Til dæmis er boðið upp á upplestur í stærðfræðiprófi, næði við próftöku eða próftöku í minni hópum fyrir þá nemendur sem þurfa meiri stuðning og hvatningu. Það er ekki boðið upp á upplestur í lesskilningsprófi vegna þess að tilgangur prófsins er að meta að hvaða marki nemendur geta nýtt sér lestrarfærni sína til að afla sér upplýsinga úr texta. Það þarf ekki að sækja sérstaklega um stuðningsúrræðin.